

Miðvikudaginn 9. september 1992.

Nr. 435/1990. **Magnús Bergs**

gegn

Andrésí Árnmarssyni og

Einari Þ. Haukssyni.

Kærumál. Innsetningargerð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Sóknaraðili áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. nóvember 1990. Samkvæmt 3. mgr. 107. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 5. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991, sætir málið meðferð kærumála fyrir Hæstarétti eftir 1. júlí 1992.

Sóknaraðili gerir þær dómkröfur, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og að hin umbeðna innsetningargerð nái fram að ganga. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti auk virðisaukaskatts.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti auk virðisaukaskatts.

I.

Eins og lýst er í hinum kærða úrskurði, keypti sóknaraðili vélbátinn Dagnýju, SU-114, af varnaraðilum með kaupsamningi og afsali 1. maí 1990. Varnaraðili Andrés Árnmarsson lýsti yfir riftun á samningnum 21. sama mánaðar, og næsta dag mótmælti sóknaraðili riftuninni. Þar sem varnaraðilar neituðu að skila sóknaraðila bátnum, höfðaði hann innsetningarmál það, sem hér er til úrlausnar.

Varnaraðilar höfðuðu mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur til ógildingar framangreindum kaupsamningi og afsali aðila frá 1. maí 1990. Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt endurrit úr dómabók héraðsdóms Reykjavíkur í því máli, en dómur var kveðinn upp 21. júlí sl. Var krafa varnaraðila tekin til greina og kaupsamningurinn og afsalið dæmt ógilt og óskuldbindandi fyrir varnaraðila. Sóknaraðili hefur skotið þeim dómi til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 28. ágúst sl.

Samkvæmt framansögðu er réttur sóknaraðila til hins umdeilda báts ekki svo ótvíræður og skýlaus, að beita megi réttarfarshagræði beinnar fógetagerðar. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar.

Sóknaraðili greiði varnaraðilum samtals 40.000 krónur í kærumálskostnað, og hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður skal vera óraskaður.

Sóknaraðili, Magnús Bergs, greiði varnaraðilum, Andrési Árnmarssyni og Einari P. Haukssyni, samtals 40.000 krónur í kærumálskostnað fyrir Hæstarétti.

Úrskurður fógetaréttar Suður-Múlasýslu 13. nóvember 1990.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi 9. nóvember 1990.

Með beiðni, dagsettri 28. júní 1990, hefur Magnús Guðlaugsson hdl. krafist þess fyrir hönd Magnúsar Bergs, kt. 270856-7569, Lálandi 21, Reykjavík, að gerðarbeiðandi verði settur inn í vörslur vélbátsins Dagnýjar, RE-282, áður Dagný, SU-114, skipaskrárnúmer 6633, sem er í vörslu gerðarpóla Andrésar Árnmarssonar, kt. 120145-1909, Heiðarvegi 17, Reyðarfirði. Þá krefst gerðarbeiðandi málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands með vöxtum skv. 175. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði og virðisaukaskatts á málflutningsþóknun. Gerðarpólar hafa tekið til varna í málinu og krafist þess, að kröfu gerðarbeiðanda um innsetningu í vélbátinn Dagnýju, RE-282, verði hafnað. Þá gerir lögmaður gerðarpóla kröfu um, að gerðarbeiðanda verði gert skylt að greiða gerðarpólum málskostnað að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ að viðbættum 24,5% virðisaukaskatti. Þá krefjast gerðarpólar þess, að tildæmdur málskostnaður beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir uppkvaðningu úrskurðar. Þá er þess krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti.

Málavextir.

Málavextir eru þeir, að með kaupsamningi afsali, dagsettu 1. maí 1990, keypti gerðarbeiðandi af gerðarpólum vélbátinn Dagnýju, SU-114, skipaskrárnúmer 6633, sem er 3,86 tonna plastbátur, árg. 1985, með Mitsubishi-dísilvél, 30 hö., árg. 1969, ásamt tækjum og búnaði, þar með talið lóran,

„plotter“, sjálfstýring, litadýptarmælir, 2 talstöðvar, elliða-lína og neta-spil, 2-12 volta elliða-færavindur, 2-12 volta „alternatorar“, miðstöð og allt annað, sem fylgir og fylgja ber. Veðiheimild bátsins fylgir með í kaupum þessum. Báturinn afhendist á Reyðarfirði með nýtt skoðunarovottorð.

Kaupverð bátsins skyldi vera 1.600.000 krónur, sem gerðarbeiðandi hefur greitt að fullu. Með símskeyti, dagsettu 21. maí 1990, lýsti gerðarþoli yfir, að hann rifti sölnunni á bátnum, og bar fyrir sig ákvæði III. kafla samninga-laga nr. 7/1936, sbr. lög nr. 11/1936. Með símskeyti, dags. 22. maí 1990, sendi gerðarbeiðandi gerðarþola símskeyti, þar sem hann mótmælti riftun á sölu bátsins. Með símskeyti, dags. 6. júní 1990, krafðist gerðarbeiðandi afhendingar bátsins. Hinn 4. maí 1990 var báturinn skráður á nafn gerðar-beiðanda hjá Siglingamálastofnun ríkisins, skipaskrá. Gerðarþoli hefur ekki skilað bátnum, og í framhaldi af riftunarskeyti hans „deponeraði“ hann 601.500 kr. í Landsbanka Íslands á Reyðarfirði sem endurgreiðslu á þeim fjármunum, sem gerðarbeiðandi hafði greitt í bátnum. Gerðar-beiðandi hefur ekki fallist á þessa riftun. Með ódagsettu bréfi til rann-sóknarlögreglustjóra ríkisins hefur lögmáður gerðarþola lagt fram kæru á hendur gerðarbeiðanda og skipasölnunni Bátum og búnaði. Vegna grun-semða lögmannsins um, að með háttsemi þeirri, sem m. a. hér er lýst, hafi gerðarbeiðandi brotið gegn 253. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1990, af þeirri ástæðu, að verðmæti þeirra hagsmuna, sem gerðarbeiðandi fékk afsalað til sín, hafi verið að mun meira en hann greiddi fyrir. Fógeti hefur ekki séð ástæðu til að fresta framgangi málsins af þessu tilefni.

Málsástæður og lagarök.

Gerðarbeiðandi reisir kröfur um afhendingu bátsins á því, að 1. maí 1990 hafi komist á bindandi samningur milli aðila um kaup á bátnum, sem hann hafi að fullu staðið við. Hann eigi því skýlausan rétt til þess að fá bátinn afhentan og riftun sú, er gerðarþoli lýsti yfir 21. maí 1990, hafi verið með öllu ólögmæt, enda engum riftunarástæðum verið til að dreifa. Þá bendir hann á, að engum þvingunum hafi verið beitt við samningsgerðina, gerðar-þoli hafi sjálfur valið sér skipasölu og ákveðið, hvaða verð skyldi sett á bátinn. Mjög vafasamt hafi verið, að frumvarp að lögum um fiskveiði-stjórnun yrði að lögum á þeim tíma, sem samningar um bátakaupin fóru fram. Frumvarp þetta hafi þó legið fyrir, en verið jafnaðgengilegt báðum aðilum. Þá tók hann fram, að upplýsingar Fiskifélags Íslands um aflabroð fiskiskipa séu öllum opnar og gerðarbeiðandi hafi ekki á nokkurn hátt meiri aðgang að upplýsingum en gerðarþoli.

Varðandi kröfu gerðarþola um riftun telur gerðarbeiðandi, að það sé ekki á valdi fógetaréttarins að úrskurða um riftun á afsali því, sem um er fjallað.

Gerðarþoli reisir kröfu sína um, að innsetningu í bátinn verði hafnað, á því, að 18. maí 1990 hafi tekið gildi ný lög um stjórnun fiskveiða, sem muni gera það að verkum, að verðmæti bátsins með fiskveiðikvóta verði að líkindum allt að fjórum sinnum meira en það kaupverð, sem um var samið milli aðila.

Gerðarþoli heldur því fram, að þegar samningur var gerður, hafi honum ekki verið kunnugt um það, hver áhrif hin nýju lög um stjórnun fiskveiða myndu hafa á verðmæti bátsins, en hins vegar sé augljóst, að yfir þeirri vitneskju hafi gerðarbeiðandi búið sem og skipamiðlari sá, sem gekk frá sölnunni.

Gerðarþolar hafa lagt fram gögn, sem sýna, að gerðarbeiðandi hafi gert tilboð í og kaupsamninga um fleiri báta á svipuðum tíma, en hann hafi ekki fram að þessu fengist við útgerð, svo að kunnugt sé.

Gerðarþolar halda því fram, að tvímælalaust sé um að ræða riftunarrétt af þeirra hálfu á grundvelli III. kafla samningalaga nr. 7/1936, sbr. lög nr. 11/1986, einkum á grundvelli 31. gr., 33. gr. og 36. gr. tilvitnaðra laga. Þannig hafi gerðarbeiðandi notfært sér betri þekkingu sína á þeim lögum, sem voru í burðarliðnum, er samningurinn var gerður, til þess að afla sér og áskilja hagsmuni, sem sýnilega eru margfalt meira virði en það verð, sem hann greiddi fyrir þá.

Jafnvel þó að ekki verði talið sannað, að um vísitandi misneytingu hafi verið að ræða af hálfu gerðarbeiðanda, halda gerðarþolar því fram, að engu að síður sé um riftunarheimild að ræða á grundvelli 36. gr. samningalaga, eins og hún er nú eftir breytinguna með lögum nr. 11/1986, þar sem heimilt er að láta atvik, sem til koma eftir samningagerð, hafa áhrif á skuld-bindingargildi samnings.

Meginskilyrði þess, að innsetning megi ná fram að ganga, er, að réttur gerðarbeiðanda sé ótvíræður og skýr. Þessu skilyrði sé ekki til að dreifa í þessu máli. Hér sé um það að ræða, að gerð hafi verið kaup, sem haldin hafi verið annmarka, sem gerði það að verkum, að þeim mætti rifta, svo að löglegt væri. Það hafi nú verið gert með lögmætum hætti og mál höfðað til að knýja fráfram staðfestingu dómstóla á þeim gjörningi. Beinar fógetagerðir séu réttarúrræði, sem feli í sér frávik frá almennri dómstólameðferð, heimildir til að beita slíkum úrræðum verði að skýra þröngri lögskýringu.

Álit réttarins.

Aðilar málsins eru sammála um málsatvik, og einnig er óumdeilt, að komist hafi á bindandi samningur á milli gerðarbeiðanda og gerðarþola um kaup á bátnum Dagnýju, SU-114, með útgáfu afsals, dagsettu 1. maí 1990.

Hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins er til meðferðar kæra vegna þeirra at-

vika, sem í máli þessu greinir. Þá hafa gerðarþolar höfðað riftunarmál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur.

Hér fyrir rétti verður ekki tekin afstaða til þess, hvort gerðarbeiðandi hafi í viðskiptum þessum gerst sekur um refsiverða háttsemi eða hvort nokkrar þær ástæður séu fyrir hendi, sem valda kynnu ógildingu þessa löggernings, samkvæmt þeim lagaákvæðum, sem til er vitnað, eða hvort háttsemi gerðarbeiðanda, sem hér er lýst, var gerð í þeim tilgangi einum að hagnast óeðlilega á kostnað gerðarþola í þessum viðskiptum. Á hinn bóginn verður á það að líta, að hagsmunir gerðarþola eru mjög miklir á móti tiltölulega litlum hagsmunum gerðarbeiðanda, en grundvelli yrði kippt undan lífsafkomu gerðarþola, ef hann missir bátinn.

Gerðarþoli hefur endurgreitt (deponerað) til gerðarbeiðanda það, sem hann hafði greitt, gerðarbeiðandi hefur ekki í hyggju að hefja útgerð, ekki er útilokað, að gerðarbeiðandi hafi beitt gerðarþola misneytingu, og ekki er heldur óhugsandi, að riftunarkrafa gerðarþola nái fram að ganga í dómsmáli því, sem rekið er í Reykjavík, og ekki er bersýnileg hætta á réttarspjöllum, þótt gerðarbeiðandi fái ekki vörslu bátsins, á meðan dómsmálið í Reykjavík gengur í gegnum kerfið. Að öllu ofanrituðu athuguðu og virtu þykir réttur gerðarbeiðanda ekki svo ótvíræður og skýr eða hagsmunir hans svo miklir, að rétt sé, að gerð þessi nái fram að ganga að svo stöddu.

Rétt er, að málskostnaður falli niður.

Úrskurð þennan kveður upp Sigurður Eiríksson, sýslumaður í Suður-Múlasýslu.

Ú r s k u r ð a r o ð:

Hin umbeðna innsetningargerð nær ekki fram að ganga. Málskostnaður fellur niður.